



Faraldurinn hefur bitnað verst á ferðapjónustu á suðvesturhorninu

Þó að gistinóttum það sem af er ári hafa fjölgað nokkuð milli ára eru þær samt sem áður enn töluvert færri en fyrir faraldur. Faraldurinn hefur komið harðar niður á suðvesturhorninu en öðrum svæðum landsins að því leyti að gistinóttum hefur fækkað hlutfallslega meira þar en annars staðar. Það endurspeglast bæði í meiri fækkun gistinátta erlendra ferðamanna og minni fjölgun gistinátta Íslendinga þar en á öðrum svæðum.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar námu gistinætur á hótélum hér á landi alls tæplega 366 þúsund í september borið saman við tæplega 64 þúsund á sama tímabili í fyrra. Um er að ræða tæplega sexföldun frá því á sama tímabili í fyrra. Það sem af er ári hefur heildarfjöldi gistinátta verið rúmlega 1,6 milljónir borið saman við 1,4 milljónir á sama tímabili í fyrra og nemur aukningin 17,3%. Árið í fyrra var sérstakt ár vegna faraldursins og því eðlilegra að bera gistináttafjöldann saman við síðasta ár fyrir faraldur, þ.e. árið 2019. Sé það gert sést að gistináttafjöldinn á fyrstu 9 mánuðum þessa árs var rúmlega helmingi minni en á sama tímabili 2019.


Fjöldinn í september 67% af fjöldanum 2019

Sé horft til fjölda erlendra ferðamanna í hverjum mánuði og hann borinn saman við sama mánuð árið 2019 sést að íslensk ferðapjónusta hefur verið að færast nær eðlilegu ári eftir því sem liðið hefur á þetta ár. Þannig var fjöldi erlendra ferðamanna í janúar einungis 3% af fjöldanum í sama mánuði árið 2019 en 59% núna í september. Fjöldi gistinátta erlendra ferðamanna endurspeglar einnig þessa þróun en fjöldi gistinátta var í janúar 2,6% af fjöldanum árið 2019 en hlutfallið var komið upp í 67,4% núna í september.

Meiri fækkun gistinátta á suðvesturhorninu en öðrum svæðum

Þróunin í fjölda gistinátta eftir svæðum á landinu hefur verið misjöfn eftir faraldur. Almennt má segja að samdráttur hafi verið mun meiri á

**Gistinætur erlendra ferðamanna
2021**



Sem hlutfall af fjölda í sama mánuði 2019
Heimild: Hagstofa Íslands



suðvesturhorninu, þ.e. höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, en á öðrum svæðum landsins. Á fyrstu 9 mánuðum ársins var fjöldi gistinátta á höfuðborgarsvæðinu 64,2% minni en á sama tímabili 2019 og 51,2% minni á Suðurnesjum. Á öðrum svæðum utan höfuðborgarsvæðisins fækkaði gistinóttum um 36,1% milli sömu tímabila. Þessi breytileiki í fækkun gistinátta skýrist bæði af meiri fækkun erlendra ferðamanna á suðvesturhorninu en öðrum svæðum en einnig af því að gistinóttum Íslendinga hefur fjölgað minna á suðvesturhorninu en öðrum svæðum. Gistinætur erlendra ferðamanna voru 70,7% færri á suðvesturhorninu en 62,1% færri utan þess. Gistinætur Íslendinga voru rúmlega helmingi fleiri á suðvesturhorninu en 126% fleiri utan þess.


Fækkun gistinátta minnst á Norðurlandi

Sé litið nánar á önnur svæði sést að samdrátturinn var langminnstur á Norðurlandi, eða 16,8%. Þar á eftir komu Vesturland og Vestfirðir með 27,6% samdrátt. Svo kom Austurland með 31,3% fækkun og Suðurland með 46,9% fækkun. Sé einungis horft á gistinætur erlendra ferðamanna var fækkunin minnst á Norðurlandi, eða 51,5%, en mest á höfuðborgarsvæðinu, eða 71,8%. Sé einungis horft til gistinátta Íslendinga var fjölgunin mest á Austurlandi, eða 174,8%, en minnst á höfuðborgarsvæðinu, eða 50,4%.

Fleiri gistinætur á hvern ferðamann eftir faraldur

Þó að gistinóttum hafi fækkað verulega eftir faraldur hefur gistinóttum á hvern erlendan ferðamann þó fjölgað. Þannig var meðalfjöldi gistinátta á hótélum á landinu á fyrstu 9 mánuðum ársins á hvern ferðamann 2,3 nætur en var á sama tímabili árið 2019 2 nætur og nemur aukningin 14%. Þessi þróun skýrist að töluverðu leyti af þeim aðstæðum sem faraldurinn hefur skapað. Fólk fer í færri utanlandsferðir en dvelur þess í stað lengur á hverjum stað. Þetta skýrist m.a. af því að valkostirnir hafa verið færri vegna þeirra samgöngutakmarkana sem gilt hafa í hinum ýmsu löndum. Sem dæmi hefur koma erlendra ferðamanna til Bandaríkjanna verið bönnuð í töluvert langan tíma í faraldrinum.

Breyting í fjölda gistinátta



Breyting milli fyrstu 9 mánaða 2021 og sama tímabils 2019
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.